

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Afrit: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2020

Erindi um merkingar að göngugötum í Reykjavík

Í 1. mgr., 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem öðluðust gildi 1. janúar 2020, er kveðið á um rétt handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötur:

Umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimil. Þó er umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga heimil. Þá er heimil umferð vélknúinna ökutækja í þeim tilgangi að afhenda verslunum, veitingastöðum og sambærilegum aðilum vörur á skilgreindum vörulosunartímum sem gefnir eru til kynna með skilti.

Í sumar varð hluti Skólavörðustígs, Laugavegar og Vegamótastígs að varanlegum göngugötum í borginni. Á meðfylgjandi ljósmynd sem tekin var á horni Laugavegs og Klapparstígs sést að sett hafa verið upp undirmerki við bannmerki B01.11 Allur akstur bannaður, sem gefa til kynna undanþágu frá banni við innakstur: „Göngugata,“ „Nema aðgengi að baklóðum,“ og „Vöruafgreiðsla heimil 7-11 (8-11).“ Hvergi er merkingu að sjá um undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, né á öðrum götuhornum sem afmarka göngugötusvæðið.



Dæmi eru um að hreyfihamlaðir einstaklingar sem hafa nýtt sér rétt sinn til að aka á göngugötunum hafi orðið fyrir aðkasti frá gangandi vegfarendum. Það verður að skrifast á þekkingarleysi sem einfalt væri að bæta úr með aukinni upplýsingagjöf af hendi Reykjavíkurborgar.

Á Reykjavíkurborg hvílir sú lagaleg skylda á að tryggja fullnægjandi aðgengi fyrir fatlað fólk, meðal annars með upplýsingum um réttindi þess.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) krefst þess hér með að skilti verði sett upp undir öllum bannmerkjum B01.11 við göngugötur, sem tilgreini undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötusvæði innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa erindis.

Óskað er eftir því að svar um afgreiðslu þessa erindis berist sem fyrst eða innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Ekkert um okkur án okkar


Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Ingvaldur Jónsdóttir
formaður málefnaþóps ÖBÍ um aðgengi



Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri